

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2011

2011/EES/37/24

frá 1. apríl 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2010 frá 1. október 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 765/2010 frá 25. ágúst 2010 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórþalóníl, klóþíaníðín, dífenókónasól, fenhexamíð, flúbendíamíð, níkótín, spírótetramat, þíaklópríð og þíametoxam í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0765**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 765/2010 frá 25. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 226, 28.8.2010, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0765**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 765/2010 frá 25. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 226, 28.8.2010, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 765/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 73, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 226, 28.8.2010, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.